

Rammamningur VM

fyrir

VÉLFRÆÐINGA

sem starfa utan kjarasamninga VM

Gildistími: 22. júní 2011 til 31. janúar 2014

FORMÁLI

Þessi samningur er fyrir vélfræðinga sem ráða sig til hinna ýmsu starfa í landi og kjarasamningar félagsins ná ekki yfir.

Gert er ráð fyrir því að samningurinn sé undirritaður í þremur eintökum og haldi vélfræðingurinn einu, atvinnurekandi einu og VM fái eitt eintak.

Á lokasíðum samningsins er gert ráð fyrir að tekin séu fram sérákvæði, svo og tilgreint hvaða atriði í samningnum aðilar eru sammála um að fella út ef um það er að ræða.

Samningur þessi tekur sömu launabreytingum og verða hjá vélfræðingum hjá Landsvirkjun.

Efnisyfirlit

1. KAFLI	5
1.1. GILDISSVIÐ.....	5
1.2. FASTRÁÐNING	5
2. KAFLI	5
2.1. UM VINNUTÍMA OG VINNUTILHÖGUN.....	5
2.1.1. VINNUSKYLDA	5
2.1.2. TÍMAMÖRK DAGVINNU	5
2.1.3. SKRÁNING VINNUTÍMA.....	5
2.1.4. SAMFELDUR VINNUTÍMI	5
2.1.5. ÚTKALL.....	5
2.1.6. LÁGMARKSHVÍLD	6
TILHÖGUN VINNUTÍMA	6
FRÁVIK OG FRÍTÖKURÉTTUR.....	6
ÚTKÖLL	6
HVÍLD UNDIR ÁTTA KLUKKUSTUNDUM	6
VIKULEGUR FRÍDAGUR	7
FRESTUN Á VIKULEGUM FRÍDEGI	7
FRÍ Í STAÐ YFIRVINNU.....	7
2.1.7. MATAR- OG KAFFITÍMAR	7
2.1.8. VINNA Í MATAR- OG KAFFITÍMUM	7
2.1.9. HELGIDAGAR OG STÓRHÁTÍÐARDAGAR.....	7
3. KAFLI	9
3.1. UM VAKTAVINNU	9
3.1.1. VAKTIR OG VINNUSKYLDA.....	9
3.1.2. TAKMÖRKUN MATAR- OG KAFFITÍMA.....	9
3.1.3. VAKTAÁLAG.....	9
3.1.4. VIÐBÓTARFRÍDAGAR VEGNA VAKTA Á AUKAFRÍDÖGUM.....	9
3.1.5. GREIÐSLUR FYRIR BAKVAKT	9
4. KAFLI	10
4.1. LAUNAÁKVÆÐI	10
4.1.1. LAUNATAFLA GILDIR FRÁ 1. JÚNÍ 2012	10
4.1.2. LAUNAHÆKKANIR	10
4.1.3. RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA.....	11
4.1.4. STJÓRNUNARÁLAG	11
4.1.5. YFIRVINNUKAUP	11
4.1.6. LAUN FYRIR HLUTA MÁNAÐAR	11
4.1.7. ORLOFS- OG DESEMBERUPPBÓT	11
5. KAFLI	12
5.1. NÁMSKEIÐ.....	12
6. KAFLI	13
6.1. ORLOF	13
6.1.1. ORLOF FASTRA STARFSMANNA.....	13
6.1.2. ORLOFSÁRIÐ.....	13
6.1.3. ORLOFSTÍMABIL.....	13
6.1.4. ORLOF AÐ VETRI.....	13
6.1.5. VEIKINDI Í ORLOFI	13
6.1.6. ÓLAUNAÐIR FRÍDAGAR Á FERÐUM	13
7. KAFLI	14
7.1. IÐGJALDAGREIÐSLUR	14
7.1.1. FÉLAGSGJÖLD.....	14
7.1.2. ORLOFSSJÓÐUR.....	14
7.1.3. SJÚKRASJÓÐUR	14
7.1.4. EFTIRMENNTUNARSJÓÐUR.....	14

7.1.5.	ENDURHÆFINGARSJÓÐUR.....	14
7.1.6.	SKIL GJALDA	14
8.	KAFLI	15
8.1.	LAUNAGREIÐSLUR Í VEIKINDA- OG SLYSATILFELNUM	15
8.1.1.	VEIKINDARÉTTUR	15
8.1.2.	YFIRVINNA Í VEIKINDUM.....	15
8.1.3.	GREIÐSLA FYRIR LÆKNISHJÁLP	15
8.1.4.	BARNBURÐARGREIÐSLUR.....	15
8.1.5.	VEIKINDI BARNA.....	15
8.1.6.	TILKYNNING VEIKINDA	16
8.1.7.	SLYSATRYGGINGAR.....	16
	DÁNARSLYSABÆTUR	16
	BÆTUR VEGNA VARANLEGRAR ÖRORKU.....	16
	TJÓN BÆTT ÚR LÖGBOÐINNI ÖKUTÆKJATRYGGINGU	16
	ENDURSKOÐUN TRYGGINGARFJÁRHÆÐAR	17
	GILDISTAKA TRYGGINGAR OG TRYGGINGARSKILMÁLAR	17
9.	KAFLI	18
9.1.	LÍFEYRISSJÓÐIR.....	18
9.1.1.	IÐGJÖLD	18
9.1.2.	SKIL LÍFEYRISSJÓÐSIÐGJALDA	18
9.1.3.	FRAMLAG Í SÉREIGNARSJÓÐ.....	18
10.	KAFLI	19
10.1.	AÐBÚNAÐUR Á VINNUSTAÐ, HEILSUGÆSLA O.FL.	19
10.1.1.	LYF OG SJÚKRAGÖGN	19
10.1.2.	HREINLÆTISBÚNAÐUR	19
10.1.3.	ÖRYGGISBÚNAÐUR OG HLÍÐARFÖT.....	19
11.	KAFLI	20
11.1.	UPPSAGNARFRESTUR OG FERÐAKOSTNAÐUR	20
11.1.1.	UPPSAGNARFRESTUR.....	20
11.1.2.	DAGPENINGAGREIÐSLUR Á FERÐALÖGUM OG AKSTURSGJALD	20
12.	KAFLI	21
12.1.	GILDISTÍMI OG FYRIRVARAR	21
12.1.1.	GILDISTÍMI	21

1. Kafli

1.1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til allra starfa, sem vélfræðingum eru falin og falla ekki undir gildandi kjarasamninga VM við hina ýmsu aðila vinnumarkaðarins.

1.2. Fastráðning

Vélfræðingur skal yfirleitt ekki fastráðinn, fyrr en að loknu 3ja mánaða reynslutímabili og skal þá gerður skriflegur ráðningarsamningur milli hans og atvinnurekanda.

2. Kafli

2.1. Um vinnutíma og vinnutilhögun

2.1.1. Vinnuskylda

Föst laun hvers vélfræðings skv. samningi þessum svara til þess að hann gegni starfi 40 klst. á viku.

Virkur vinnutími dagvinnumanns er skemmri sem svarar kaffitímum skv. samningum. Virkur dagvinnutími skal vera 37,08 klst. á viku, en virkur vinnutími vaktavinnumanna á reglubundnum vöktum allan sólarhringinn skal vera 36 klst. á viku.

2.1.2. Tímamörk dagvinnu

Dagvinnumenn gegna störfum 8 klst. á dag að frátöldum matartíma. Dagvinnumörk skulu þó vera á tímabilinu 07:30 til 17:00 mánudaga til föstudaga. Heimilt er að breyta upphafs- og lokatíma daglegrar vinnu með samkomulagi starfsmanna og atvinnurekanda.

2.1.3. Skráning vinnutíma

Vinnutími telst frá því að starfsmaður kemur til vinnu samkvæmt fyrirfram ákveðnum byrjunartíma og þar til hann hættir vinnu, að frádregnum matartíma í dagvinnu. Komi starfsmaður of seint til vinnu á hann ekki kröfu á launum fyrir þann fjórðung stundar sem hann mætti í, né þann tíma sem áður er liðinn.

2.1.4. Samfeldur vinnutími

Nú hefur vélfræðingur unnið allan daginn, þar með talið tvo tíma í yfirvinnu og er kallaður út aftur eftir 2 klst. eða fyrr og skal hann þá halda launum sínum sem um samfelldan vinnutíma hafi verið að ræða.

2.1.5. Útkall

Greiðsla fyrir hvert útkall skal vera 4 klst. hið minnsta, sé kallað út utan reglulegs vinnutíma. Ávallt skal greiða fyrir útkall einni klst. lengur en unnið er. Útkall telst öll kvaðning til yfirvinnu, sem fram fer utan reglubundins vinnutíma. Sé vélfræðingur boðaður af sínum yfirmanni til yfirvinnu með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal ætíð greiða 1 klst. lengur en unnið er.

2.1.6. Lágmarkshvöld

Tilhögun vinnutíma

Vinnutíma skal haga þannig á hverjum sólarhring, að reiknað frá byrjun vinnudags fái starfsmaður a.m.k. 11 klst samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00. Jafnframt vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um skipulag vinnutímans. Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13. klst.

Frávik og frítökuréttur

Lengja má vinnulotu í allt að 16 klst. Verði því við komið skal starfsmaður fá 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra launa.

Fái starfsmaður ekki 11 klst. hvíld á sólarhring m.v. venjubundið upphaf vinnudags (vinnusólarhringinn) skal veita uppbótarhvíld sem hér segir: Sé starfsmaður sérstaklega beðinn að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð ber honum uppbótarhvíld sem nemur 1 ½ klst. (dagvinna) fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum.

Vinni starfsmaður það lengi á undan hvíldardegi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags reiknast frítökuréttur skv. 2. mgr. Komi starfsmaður til vinnu á hvíldardegi er greitt fyrir unninn tíma auk þess sem frítökuréttur reiknast skv. 2. mgr.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst.

Áunninn frítökuréttur vegna vinnu á sama sólarhring getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur einum vinnudegi á föstum launum.

Án samþykkis starfsmanns er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig, að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum atvinnurekanda eða við störf fjarri heimili/aðsetri nema í eðlilegu framhaldi söfnunar.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Útköll

Ef starfsmaður er kallaður til vinnu eftir að venjulegum vinnudegi er lokið skal fara með eins og hér segir: Ljúki útkalli fyrir kl. 00:00 – 06:00 reiknast ekki frítökuréttur ef starfsmaður nær samanlagt 11 klst. hvíld frá upphafi reglulegs vinnudags til upphafs þess næsta (vinnusólarhringnum).

Ef útkalli lýkur á tímabilinu 00:00 – 06:00 reiknast ekki frítökuréttur ef 11 klst. samfelld hvíld næst fyrir eða eftir útkallið. Að öðrum kosti skal frítökuréttur miðast við muninn á lengstu hvíld og 11 klst.

Hvíld undir átta klukkustundum

Komi upp sérstakar aðstæður vegna nauðsynlegs viðhalds eða verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra ófyrirséðra atburða og koma verður í veg fyrir verulegt tjón, er heimilt að stytta hvíld niður fyrir 8 klst. Fái starfsmaður ekki 8 klst. hvíld á vinnusólarhringnum skal hann, auk frítökuréttar skv. gr. 2.4.2., fá greidda 1 klst. í yfirvinnu fyrir hverja klst. sem hvíldin fer niður fyrir 8 klst.

Vikulegur frídagur

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

Frestun á vikulegum frídegi

Þegar ekki er unnið í vaktavinnu skal almennt miðað við að vikulegur frídagur sé að sunnudegi og að allir þeir sem starfa hjá sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað fá frí á þeim degi. Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á tveim vikum. Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum hvíldartíma lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga. Falli frídagar á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

Frí í stað yfirvinnu

Heimilt er með samkomulagi starfsmanns og fyrirtækis að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en munur dagvinnu- og yfirvinnutímakaups er greiddur við næstu reglulegu útborgun eða komi í heild til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili. Verðgildi unninna yfirvinnutíma skal lagt til grundvallar. Samkomulag skal vera um frítöku. Frítökuréttur skv. framansögðu sem ekki hefur verið nýttur fyrir 1. maí ár hvert eða við starfslok, skal greiddur út m.v. verðgildi dagvinnustunda á greiðsludegi. Samkomulag skal vera um frítöku og hún skipulögð þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi.

2.1.7. Matar- og kaffitímar

Matarhlé skal vera á tímabilinu kl. 12:00 - 13:00. Kaffitímar skulu vera tveir. Morgunkaffi 20 mínútur og síðdegiskaffi 15 mínútur. Matarhlé telst ekki hluti vinnutíma. Heimilt er með samkomulagi atvinnurekanda og vélfræðinga að færa þessi hlé til. Ef unnin er yfirvinna skulu fyrstu 15 mínúturnar teljast kaffitími. Í yfirvinnu skulu matartímar vera kl. 19:00 - 20:00 og kl. 03:00- 04:00. Kaffihlé skulu vera kl. 22:00 – 22:15 og 05:00 - 05:15 og síðustu 15 mínúturnar áður en dagvinna hefst. Sé unnin helgidagavinna skulu matar- og kaffihlé vera þau sömu og á virkum dögum.

2.1.8. Vinna í matar- og kaffitímum

Ef unnið er í matar- eða kaffihléum að hluta eða öllu leyti í dagvinnu og þau skert sem því nemur, skal það greitt sem yfirvinna. Kaffi - eða matarhlé eða hlutar úr þeim sem falla inn í vinnutímabil í yfirvinnu eða helgidagavinnu dagvinnumanna reiknast sem vinnutímar. Sé unnið í þeim skal greiða til viðbótar vinnutímanum og með sömu launum 1/4 klst. fyrir hvert kaffihlé og 1 klst. fyrir hvert matarhlé og skal það einnig gert þó skemur sé unnið. Í matar- og kaffihléum skal því aðeins unnið að sérstakar ástæður séu fyrir hendi og menn séu fúsir til að vinna. Þegar vélfræðingar eru afskráðir úr vinnu og minna en 1/4 klst. er til næsta kaffi- eða matarhlés í yfirvinnu, skulu þau kaffi- og matarhlé greiddast til viðbótar hinum unna tíma. Undanskilin eru kaffihlé í upphafi yfirvinnu og kvöldmatarhlé.

2.1.9. Helgidagar og stórhátíðardagar

Frídagar án frádráttar á föstum launum hjá dagvinnuönnum eru allir helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, 17. júní og fyrsti mánudagur í ágúst. Ennfremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá hádegi beri þá upp á vinnudag. Stórhátíðarvinna telst þó vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag,

hvítasunnudag, 17. júní, jóladag og vinna á aðfangadag jóla og gamlársgdag eftir kl. 12:00.

3. Kafli

3.1. Um vaktavinnu

3.1.1. Vaktir og vinnuskylda

Sé um að ræða vaktavinnu hjá vélfræðingi sem þessi samningur tekur til, skal leitað til VM og haft samráð um uppsetningu vaktataflna, launaliða og sérákvæði er varða vaktavinnu eingöngu og ekki koma fram í samningi þessum.

Vinnutími vaktavinnumanna sem vinna á reglubundnum vöktum alla daga ársins skal vera 36 klst. að meðaltali á viku.

3.1.2. Takmörkun matar- og kaffitíma

Vélfræðingar í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Þeim er þó heimilt að neyta kaffis og matar við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfsins vegna.

Vegna takmörkunar þeirra sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal telja hverja vakt 15 mín. lengri en raunverulegri viðveru nemur.

3.1.3. Vaktaálag

Vaktaálag fyrir þrískiptar vaktir alla daga ársins skal vera 37,62% skv. eftirfarandi útreikningum:

Vikudagur	tímabil	Álag	Tímar á viku	Tímar m álagi	
Mánudag til föstudag	dag	08:00 - 16:00	0%	40	40
Mánudag til föstudag	kvöld	16:00 - 24:00	30%	40	52
Laugardag og sunnudag	dag+kvöld	08:00 - 24:00	55%	32	49,6
Alla daga	nætur	00:00 - 08:00	60%	56	89,6
		Samtals		168	231,2

$$\text{Vaktaálag} = 231,2 / 168 = 37,62\%$$

Auk framangreinds álags greiðist 30% álag á hverja vakt sem unnin er á stórhátíðardegi, sbr. gr. 2.9. Álag þetta reiknast ofan á grunnkaup að viðbættu meðaltalsvaktaálagi.

3.1.4. Viðbótarfrídagar vegna vakta á aukafrídögum

Vélfræðingar sem vinna reglubundið á vöktum á aukafrídögum fá án skerðingar á launum 12 vinnudaga (vaktir) á ári. Frídagar þessir skulu veittir á tímabilinu 15. september - 30. apríl með samfelldu fríi.

3.1.5. Greiðslur fyrir bakvakt

Greiða skal vélfræðingi sem gegnir bakvakt eina klukkustund á yfirvinnukaupi fyrir hverjar þrjár klukkustundir á bakvakt. Brot úr klukkustund greiðist hlutfallslega.

4. Kafli

4.1. Launaákvæði

4.1.1. Launatafla gildir frá 1. júní 2012

Lfl.	1 Byrjunar- laun	2 Eftir 6 mán.	3 Eftir 1 ár	4 Eftir 3 ár	5 Eftir 5 ár	6 Eftir 7 ár	7 Eftir 10 ár
160	277.812	285.862	294.156	298.396	302.700	307.069	311.503
161	281.807	289.978	298.396	302.700	307.069	311.503	316.003
162	285.862	294.156	302.700	307.069	311.503	316.003	320.571
163	289.978	298.396	307.069	311.503	316.003	320.571	325.208
164	294.156	302.700	311.503	316.003	320.571	325.208	329.914
165	298.396	307.069	316.003	320.571	325.208	329.914	334.691
166	302.700	311.503	320.571	325.208	329.914	334.691	339.539
167	307.069	316.003	325.208	329.914	334.691	339.539	344.460
168	311.503	320.571	329.914	334.691	339.539	344.460	349.455
169	316.003	325.208	334.691	339.539	344.460	349.455	354.525
170	320.571	329.914	339.539	344.460	349.455	354.525	359.671
171	325.208	334.691	344.460	349.455	354.525	359.671	364.894
172	329.914	339.539	349.455	354.525	359.671	364.894	370.195
173	334.691	344.460	354.525	359.671	364.894	370.195	375.576
174	339.539	349.455	359.671	364.894	370.195	375.576	381.038
175	344.460	354.525	364.894	370.195	375.576	381.038	386.581
176	349.455	359.671	370.195	375.576	381.038	386.581	392.208
177	354.525	364.894	375.576	381.038	386.581	392.208	397.919
178	359.671	370.195	381.038	386.581	392.208	397.919	403.716
179	364.894	375.576	386.581	392.208	397.919	403.716	409.599
180	370.195	381.038	392.208	397.919	403.716	409.599	415.571
181	375.576	386.581	397.919	403.716	409.599	415.571	421.633
182	381.038	392.208	403.716	409.599	415.571	421.633	427.785
183	386.581	397.919	409.599	415.571	421.633	427.785	434.030
184	392.208	403.716	415.571	421.633	427.785	434.030	440.369
185	397.919	409.599	421.633	427.785	434.030	440.369	446.802
186	403.716	415.571	427.785	434.030	440.369	446.802	453.332
187	409.599	421.633	434.030	440.369	446.802	453.332	459.960
188	415.571	427.785	440.369	446.802	453.332	459.960	466.688
189	421.633	434.030	446.802	453.332	459.960	466.688	473.516
190	427.785	440.369	453.332	459.960	466.688	473.516	480.447

4.1.2. Launahækkunir

Dagssetning	Launahækkunir
1. júní 2011	4,25%
1. febrúar 2012	3,5%
1. febrúar 2013	3,25%

Við samþykkt samninga greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000 starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

4.1.3. Röðun í launaflokka

Vélfræðingum sem sinna vélgæslu, þ.e. fagstörfum er varða rekstur, stjórnun, reglubundið viðhald og eftirlit með vélbúnaði, eða eftirlit með framleiðslu, skulu greidd laun samkvæmt launaflokki 163.

Vélfræðingar sem jafnframt hafa sveinspróf í rafvirkjun skulu fá þrjá launaflokka til viðbótar.

Laun þau er að ofan greinir eru lágmarkslaun.

Vélfræðingur er kann að njóta betri kjara skal halda þeim óskertum meðan hann gegnir sama starfi.

4.1.4. Stjórnunarág

Hafi vélfræðingur með höndum stjórnunarstörf skal greiða honum stjórnunarág til viðbótar við grunnlaun 15%, 32% eða 42%. Álagsprósentan ákvarðast af ábyrgð og eðli starfsins.

4.1.5. Yfirvinnukaup

Yfirvinnukaup vélfræðinga skal vera 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Vinna á stórhátíðum greiðist með 1,375% af mánaðarlaunum.

4.1.6. Laun fyrir hluta mánaðar

Fyrir vinnu hluta úr mánuði greiðist hlutfallslega

4.1.7. Orlofs- og desemberuppbót

Við orlofstöku ár hvert skal vélfræðingur, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta orlofsár hjá sama atvinnurekanda og 1. desember ár hvert skal vélfræðingur sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta ár hjá sama atvinnurekanda, fá greidda launauppbót með eftirfarandi hætti:

Árið 2011	kr. 82.775
2012	kr. 79.400
2013	kr. 88.456

Árið 2011 greiðist sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbætur. Á orlofsuppbót kr. 10.000 og kr. 15.000 á desemberuppbót.

Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir vélfræðingar, sem unnið hafa 3 ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, en hætta áður en til greiðslu kemur skulu fá greitt hlutfallslega.

5. Kafli

5.1. Námskeið

Vélfræðingum skal gefinn kostur á að sækja námskeið og kynnisferðir sem koma þeim að gagni í starfi. Í þeim tilvikum að vélfræðingur sækir slík námskeið eða kynnisferðir með samþykki atvinnurekanda, skal vélfræðingurinn halda föstum launum sínum á meðan, á sama hátt og um veikindadaga væri að ræða. Ennfremur, þegar nýr búnaður er settur upp skal viðkomandi vélfræðingur fá að kynna sér hann og honum séð fyrir nægilegri þjálfun í meðferð og viðhaldi hins nýja búnaðar, honum að kostnaðarlausu.

6. Kafli

6.1. Orlof

6.1.1. Orlof fastra starfsmanna

Orlof fastráðins vélfræðings skal vera sem hér segir:

Að sumri	Að vetri	
24 dagar	Eftir 1 ár 3 dagar	Eftir 2 ár 6 dagar

Sumarorlof starfsmanna á reglubundnum fimmskiptum vöktum telst 22 vaktir, vetrarorlof 3 vaktir eftir 1 ár en 5 vaktir eftir 2 ár. Sá sem skemur hefur unnið skal fá orlof í sama hlutfalli. Vélfræðingur skal auk þess fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu á fyrsta starfsári, 11,59% næsta ár og síðan 13,04%.

Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof nr. 87/1971 og breytingum á þeim frá 18. des. 1982. Með samkomulagi vélfræðings og viðkomandi yfirmanns er heimilt að skipta orlofi og taka það hvenær sem er ársins.

6.1.2. Orlofsárið

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

6.1.3. Orlofstímabil

Orlof skal veitt á tímabilinu 1. júní til 15. september sé þess kostur, eða eftir nánara samkomulagi hlutaðeiganda.

6.1.4. Orlof að vetri

Fái vélfræðingur ekki sumarleyfi á lögboðnum tíma (2. maí - 15.sept.) samkvæmt samkomulagi vélfræðings og atvinnurekanda, skal fyrir hverja 4 sumarleyfisdaga sem veittir eru utan tímabilsins 2. maí til 15. september koma einn dagur til viðbótar sumarleyfi, án frádráttar á kaupi.

6.1.5. Veikindi í orlofi

Veikist vélfræðingur í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi tilkynna atvinnurekanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfelld lengur en þrjá sólarhringa á launþegi rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega voruðu.

6.1.6. Ólaunaðir frídagar á ferðum

Þurfi starfsmaður að ósk atvinnurekanda að ferðast milli landa á ólaunuðum frídögum, skal hann þegar heim er komið fá frí sem samsvarar 8 dagvinnustundum fyrir hvern frídag sem þannig glatast, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess við ákvörðun launa. Um töku þessara frídaga fer með sama hætti og ákveðið er í kafla um lágmarkshvöld.

7. Kafli

7.1. Iðgjaldagreiðslur

7.1.1. Félagsgjöld

Atvinnurekandi tekur að sér að innheimta árgjald (félagsgjald) eða hluta árgjalda aðal- og aukafélaga félagsins af ógreiddum en kræfum vinnulaunum vélfræðinga.

7.1.2. Orlofssjóður

Í orlofssjóð VM greiði atvinnurekandi fjárhæð sem nemi 0,25% af brúttólaunum þeirra vélfræðinga sem samningurinn tekur til.

7.1.3. Sjúkrasjóður

Í sjúkrasjóð VM greiði atvinnurekandi fjárhæð sem nemi 1% af brúttólaunum þeirra vélfræðinga sem samningurinn tekur til.

7.1.4. Eftirmenntunarsjóður

Í eftirmenntunarsjóð VM greiði atvinnurekandi fjárhæð sem nemi 1% af brúttólaunum þeirra vélfræðinga sem samningurinn tekur til.

Gjald þetta skiptist í tvennt. Af mánaðarlegu framlagi renna 0,4% til IÐUNNAR, fræðsluseturs, en það sem umfram er myndar viðbótarrétt viðkomandi starfsmanns til styrkja úr fræðslusjóði VM. Gjald að 0,4% rennur allt til IÐUNNAR.

7.1.5. Endurhæfingarsjóður

Atvinnurekandi greiðir 0,13% gjald af heildarlaunum í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

7.1.6. Skil gjalda

Fjárhæðir þær er um ræðir í þessum kafla skulu greiddar mánaðarlega. Greiðslum skal fylgja skilagrein.

8. Kafli

8.1. Launagreiðslur í veikinda- og slysatilfellum

8.1.1. Veikindaréttur

Veikist vélfræðingur skal hann á fyrsta ári fá laun 2 vinnudaga (vaktir) fyrir hvern byrjaðan mánuð. Eftir eins árs starf skulu vélfræðingar halda óskertum launum í veikindatilfellum miðað við starf hjá sama atvinnurekandi sem hér segir:

Eftir 1 ár	84 almanaksdaga á hverjum 12 mán.
Eftir 3 ár	120 almanaksdaga á hverjum 12 mán.
Eftir 5 ár	170 almanaksdaga á hverjum 12 mán.
Eftir 10 ár	210 almanaksdaga á hverjum 12 mán.

Vélfræðingur skal halda óskertum launum í allt að 12 mánuði verði hann fyrir slysi á vinnustað eða í ferðum að og frá vinnustað eða veikist af orsökum er rekja má til vinnunnar, sbr. reglur varðandi atvinnusjúkdóma útgefna af Samgönguráðuneytinu 7. mars 1956, enda renni bætur þær, er vélfræðingur kynni að hafa rétt til, frá almannatryggingum til atvinnurekanda meðan vélfræðingurinn heldur fullum launum.

Aðilar eru sammála um að, auk veikinda og slysatilvika, verði veikindaréttur samkvæmt samningi þessum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrrsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni. Ofangreind skilgreining felur ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hefur verið túlkað af dómstólum. Þó eru aðilar sammála um að áðgerðir sem starfsmaður þarf að gangast undir, til að bæta úr afleiðingum slyss við vinnu, leiði einnig til þess að veikindaréttur skv. samningi þessum verði virkur.

8.1.2. Yfirvinna í veikindum

Í tilvikum skv. gr. 8.1. skal starfsmönnum greidd tilfallandi yfirvinna í allt að 1 mánuð, sem þeir eru fjarverandi vegna einstaks sjúkdóms eða slyss. Þá skulu greidd 90% af tilfallandi yfirvinnu næstu 2 mánuði. Þessar yfirvinnugreiðslur miðast við þau laun sem viðkomandi hefði ella notið.

8.1.3. Greiðsla fyrir læknishjálp

Atvinnurekandi greiði útlagðan kostnað við læknishjálp vegna slysa sem greinir í 8.1. á sama tíma og vélfræðingurinn nýtur launa.

8.1.4. Barnsburðargreiðslur

Um greiðslur vegna barnsburðar fer skv. gildandi lögum.

8.1.5. Veikindi barna

Fyrstu sex mánuði í starfi, hjá viðkomandi atvinnurekanda, er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldra.

Starfsmaður á rétt á leyfi frá störfum þegar óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns.

8.1.6. Tilkynning veikinda

Ef vélfræðingur veikist og getur af þeim sökum ekki sótt vinnu, skal hann samdægurs tilkynna það yfirboðara sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Læknisvottorð skal að jafnaði vera frá heimilislækni, en þó getur atvinnurekandi hvenær sem er krafist vottorðs frá trúnaðarlækni sínum. Ef læknisvottorðs er krafist, skal það vera vélfræðingnum að kostnaðarlausu.

8.1.7. Slysaftryggingar

Starfsmenn skulu slysaftryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða varanlegri örorku.

Dánarslysabætur

1. Ef hinn látni var ókvæntur/ógiftur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri, 67 ára eða eldri, kr. 1.1775.186.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ókvæntur/ógiftur en lætur eftir sig barn(börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri, kr. 5.440.813.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í skráðri óvígðri sambúð eða í staðfestri samvist, skulu bætur til maka eða sambúðar/samvistaraðila nema kr. 8.879.732.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðar/samvistaraðili.

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, skulu slysabætur til hvers barns nema kr. 1.775.186 .

Stundi barn hins látna á aldrinum 18 til 25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins, er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta.

Rétthafa dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. lið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992.

6. Dánarslysabætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina 11.177.211 kr. Þó þannig að hvert örorkustig frá 26% til 50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51% til 100% virkar fjórfalt. Slysabætur vegna 100% örorku verða þannig 30.737.330 kr.

Tjón bætt úr lögboðinni ökutækjaftryggingu

Slysaftryggingin greiðir ekki bætur til starfsmannsins þegar tjón hans fæst bætt úr lögboðinni ökutækjaftryggingu.

Endurskoðun tryggingarfjárhæðar

1. Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2011, 128,7 stig (grunnur janúar 2008 = 100) og gilda fyrir tímabilið frá undirskriftardegi samnings þessa til 30. júní 2011.
2. Tryggingarfjárhæðir skv. samningi þessum eru nýjar grunnfjárhæðir og skulu þær endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Skulu þær þá framreiknaðar sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs frá janúar 2011 til vísitölu janúar- og júlímánaðar ár hvert.

Gildistaka tryggingar og tryggingarskilmálar

1. Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingarskyldur launþegi hefur starf (kemur á launaskrá) en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum (fellur aflaunaskrá).
2. Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslys- og slysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarfélaganna þegar samkomulag þetta er gert.
3. Verði atvinnurekandi skaðabótaskyldur gagnvart launþega, sem slysatryggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur og dagpeningar, sem greiddir kunna að verða til launþega, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum sem atvinnurekandi kann að vera gert að greiða.

9. Kafli

9.1. Lífeyrissjóðir

9.1.1. Iðgjöld

Iðgjöld til lífeyrissjóða greiðast vegna allra starfsmanna, sem samningur þessi tekur til, í samræmi við staðfestar reglugerðir viðkomandi lífeyrissjóða.

Atvinnurekandi greiðir 8% iðgjald af heildarlaunum starfsmanns á móti 4% iðgjaldi starfsmanns.

9.1.2. Skil lífeyrissjóðsiðgjalda

Atvinnurekandinn annast skil iðgjaldanna mánaðarlega, eftir á.

9.1.3. Framlag í séreignarsjóð

Í þeim tilvikum sem starfsmaður greiðir í séreignarsjóð skal atvinnurekandi greiða 2% framlag gegn 2% framlagi starfsmanns.

10. Kafli

10.1. Aðbúnaður á vinnustað, heilsugæsla o.fl.

10.1.1. Lyf og sjúkragögn

Algengustu og nauðsynlegustu sjúkragögn og lyf skulu vera fyrir hendi á vinnustað.

10.1.2. Hreinlætisbúnaður

Hreinlætisbúnaður allur skal vera fullnægjandi að dómi heilbrigðiseftirlits.

10.1.3. Öryggisbúnaður og hlífðarföt

Atvinnurekandi sér um að öryggisbúnaður sé ávallt eins fullkominn og frekast er kostur og að fyllsta öryggis sé ávallt gætt. Vélfræðingum ber að fara eftir þeim reglum, sem settar eru í þessu skyni.

Atvinnurekandi leggur vélfræðingum til hlífðarbúnað, sé um að ræða störf, sem skv. öryggisreglum krefjast hans. Þetta á við um öryggisskó, öryggisgleraugu, vettlinga, hjálma og viðeigandi eyrnahlífar. Ef vélfræðingur er látinn vinna sérstaklega óhreinleg störf, leggur atvinnurekandi honum til hlífðarföt við vinnu, einnig til hlífðar slagviðri og skaðlegum efnum. Vélfræðingur skal fá (vinnufatnað) galla og/eða slopp. Atvinnurekandi sér um þrif á þessum fatnaði. Verði vélfræðingur fyrir tjóni af völdum vinnuslysa á fatnaði og munum, svo sem gleraugum, úrum o.s.frv. skal það bætt að fullu. Sama gildir um tjón af völdum kemiskra efna. Vélfræðingur skal fara vel og samviskulega með verkfæri þau, vinnutæki, hlífðarföt og vinnufatnað sem atvinnurekandi leggur til.

11. Kafli

11.1. Uppsagnarfrestur og ferðakostnaður

11.1.1. Uppsagnarfrestur

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur í starfi skal vera 3 mánuðir. Hægt er að vísa vélfræðingi fyrirvaralaust úr starfi eftir að hann hefur fengið skriflega viðvörðun tvisvar sinnum, geri hann sig sekan um óstundvísi eða mæti ekki án leyfis eða gildra orsaka eða geri sig sekan um brot á viðurkenndum öryggisreglum á vinnustaðnum. Áður en slík brottvikning á sér stað skal VM gefinn kostur á að kynna sér alla málavöxtu.

Hjá starfsmönnum 60 ára og eldri, með a.m.k. 10 ára starfsaldur hjá sama atvinnurekanda skal uppsagnarfrestur af hálfu atvinnurekanda vera 6 mánuðir

11.1.2. Dagpeningagreiðslur á ferðalögum og akstursgjald

Þurfi vélfræðingur að nota eigin bíl í þágu atvinnurekanda eða ferðast, innanlands eða utanlands, vegna starfs síns og/eða þjálfunar skal honum greitt akstrsgjald og dagpeningar samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar.

12. Kafli

12.1. Gildistími og fyrirvarar

12.1.1. Gildistími

Samningur þessi hefur sama gildistíma, og sömu fyrirvara, og samningur milli Landsvirkjunar og VM Félags vélstjóra og málmþæknimanna og tekur sömu breytingum og hann.

Staður, _____, dags _____

Launþegi

F.h. atvinnurekanda